

# Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskólans við Ármúla

## A. Markmið skólastarfsins

### 1. Kennsla námsbrauta í samræmi við aðalnámskrá 2011.

- a. Námsbrautir heilbrigðisskólans á fjórða þrepi ásamt tilheyrandi námsáföngum verða settar í námskrárgrunn ráðuneytisins á árinu 2013.
- b. Sex brautir (sjúkraliða-, tanntækna, heilsunudd-, heilbrigðisritara-, læknaritara- og lyfjatæknabraut heilbrigðisskólans) ásamt tilheyrandi námsáföngum verða settar í námskrárgrunn ráðuneytisins skólaárið 2013-2014.
- c. Námsbrautir til stúdentsprófs verða settar í námskrárgrunn ráðuneytisins í lok árs 2014.
- d. Allar námsbrautir í boði haustið 2015 verða samkvæmt aðalnámskrá 2011.

### 2. Að innleiða grunnþætti menntunar á sem flestum sviðum kennslu og skólastarfs.

Mismunandi mælikvarðar eru notaðir til að mæla grunnþætti menntunar í skólastarfi. Fyrir lok samningstímans eru þeir meðal annars:

- a. Viðhorfskönnun nemenda til að kanna líðan nemenda í skóla. Markmið er að bæta líðan nemenda í skólanum og a.m.k. 95% nemenda líði vel í skólanum.
- b. Úttekt á áætlun gegn einelti.
- c. Úttekt á stöðu lýðheilsumála. Markmið er að bjóða eingöngu upp á holla fæðu og drykki. Markmið er að 10% nemenda og starfsmanna noti umhverfissvænar samgöngur.
- d. Mælikvarðar á lýðræðisvitund eru m.a. þátttaka í kosningum, fjöldi nefnda og funda. Markmið er að 10% nemenda séu virk í lýðræðisstarfi innan skólans.
- e. Jafnréttismælikvarðar verða m.a. samsetning stjórnna, ráða og nefnda. Stefnt er að því að hafa kynjahlutfall sem jafnast, þ.e. ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.
- f. Sköpun og nýsköpun verði í boði í a.m.k. 10 áföngum á hverju misseri.
- g. Sjálfbærni: Á vorönn 2013 verður stofnuð sjálfbærnefnd með þátttöku nemenda og starfsmanna. Hlutverk hennar er að móta og leggja drög að mælikvörðum í öllum þáttum skólastarfs til að efla sjálfbærni skólans. Markmið á vorönn 2013 er að flokka 95% sorps sem til fellur frá skólanum.

### 3. Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda úr skólanum og brottfall í kjarnagreinum (danska, enska, stærðfræði og íslenska).

- a. Minnka brotthvarf um 1% á ári á næstu fjórum árum.
- b. Minnka brottfall nemenda í kjarnagreinum niður fyrir 15% á samningstímanum.
- c. Greina ástæður brotthvarfs samkvæmt samræmdum atriðalista frá Mennta- og menningarmálaráðuneytis hjá a.m.k. 50% nemenda sem hverfa úr námi, frá 2013.

#### **4. Viðhalda styrk FÁ í fjarnámi**

- a. Framkvæma á samningstímanum greiningar á áföngum (bæði í fjarnámi og dagskóla) þar sem hægt er að skoða sérstaklega hvernig nemendur eru að skila sér í próf og hvar virkni þeirra er mest. Markmiðið er að a.m.k. 60% nemenda skráðir í fjarnám séu virkir þátttakendur inn í námsumsjónarkerfinu.
- b. Auka þjónustu við nemendur í upphafi náms með ítarlegri kynningum á námsumsjónarkerfinu (Moodle-kennslukerfinu). Þjóða upp á a.m.k. eina kynningu á hverju misseri á samningstímanum.
- c. Markmið að a.m.k. 50% námsefni sé á rafrænu formi í lok ársins 2014.
- d. Framkvæma úttekt á kennslu fjarnáms a.m.k. tvisvar á samningstímanum.

#### **5. Rekstur skólans verður innan fjárheimilda á samningstímanum.**

#### **6. Að auka þátttöku nemenda í kennslumati og fjölga mælikvörðum á kennslu**

- a. Að þátttaka nemenda í kennslumati verði yfir 50% á samningstímanum.
- b. Að innleiða á samningstímanum fleiri mælikvarða sem eru notaðir til að mæla árangur í kennslu
  - i. Sjálfsmat kennara
  - ii. Jafningjamat kennara

#### **7. Að fjölga tækifærum nemenda og starfsmanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þar sem þeir fá að kynnast mismunandi menningarheimum, mismunandi skólamenningu og vinnulagi.**

- a. Að skólinn sé þátttakandi í a.m.k. tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum á hverju misseri á samningstímanum.
- b. Að fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum verkefnum sé a.m.k. þrjátíu (samsvarar fjölda nemenda í einum áfanga) á samningstímanum.
- c. Að fjöldi starfsmanna sem tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum sé a.m.k. 5 á hverju misseri á samningstímanum.

#### **8. Að auka starfsánægju starfsmanna**

- a. Að bæta ímynd skólans og efla trúverðugleika stjórnenda þannig að skólinn verði yfir meðaltali starfsánægjukönnunar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis í öllum þáttum í framhaldsskóla og háskóla, verði slík könnun gerð á samningstímanum.
- b. Framkvæma starfsmannaviðtöl hjá 50% starfsmanna annað hvert ár á samningstímanum.

#### **9. Gæðakerfi : Vinnuhópur verður stofnaður á samningstímanum til að leggja drög að innleiðingu vottaðs gæðakerfis.**

- a. Helstu ferlar skólastarfsins verða skilgreindir. Markmið er að skilgreina a.m.k. 5 ferla á hverju misseri á samningstímanum.

#### **10. Öflug stoðþjónusta við nemendur**

- a. Að bjóða upp á a.m.k. tíu sérhæfða áfanga á hverju misseri á samningstímanum fyrir nemendur sem njóta sérúrræða.
- b. Að bjóða upp á námsver á samningstímanum fyrir nemendur þar sem í boði eru a.m.k. 10 tímar í töflu í fjórum mismunandi greinum. Fylgst er með mætingu og þátttöku nemenda í námsveri og markmið sett í kjölfarið.
- c. Að bjóða upp á sérhæfða þjónustu á hverju misseri á samningstímanum fyrir nemendur með dyslexíu (lestrar- og skriftarörðugleikar), dyscalculi (stærðfræðiröskun) eða aðra námsörðugleika (t.d. ADHD) og að bjóða upp á sérhæfða þjónustu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

## **B. Tímabundin verkefni**

1. **Nám er vinnandi vegur** – átaksverkefni fyrir atvinnuleitendur.  
Verkefnið á að tryggja öllum umsækjendum nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði um skólavist haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir.
  2. **Erlent samstarf**  
Skólinn tekur þátt í Comenius-verkefni á samningstímanum:
    - a. [Sustainable School](#) (2012-2014)
  3. **Nordplus-verkefni**  
Skólinn tekur þátt í þremur Nordplus-verkefnum á samningstímanum:
    - a. [Outdoor Activities, útivistarverkefni \(2011-2013\)](#)
    - b. The Old Nordic Folktales (2012-2013)
- Auk þess tekur skólinn þátt í nemendaskiptum á vegum Leonardo fyrir sjúkraliðanema og í skólasamstarfsverkefninu [Becoming human](#) styrkt af EEA-Grants (NÍL).
- Allar upplýsingar um erlent samstarf eru á heimasíðu skólans undir [International relations](#).
4. **Styrkir til námskráargerðar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 2012-2013**
    - a. Styrkur (kr. 2.000.000-) til að endurskoða námskrá fyrir tanntækna, aðlaga brautina að nýjum framhaldsskólalögum og skrifa brautar- og áfanganalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins.
    - b. Styrkur (kr. 1.200.000-) til að þróa framhaldsnám tanntækna. Skrifa nýja áfanga, skipuleggja námið og setja brautar- og áfanganalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins.
    - c. Styrkur (kr. 2.000.000-) til að þróa nýsköpunarbraut í samræmi við ný framhaldsskólalög.
    - d. Styrkur (kr. 2.000.000-) til að leggja mat á námsbraut í sjúkrahúslyfjatekni til á 4. þrepi fyrir lyfjatekna og sjúkraliða.
    - e. Styrkur (kr. 1.500.000-) til að endurskoða námskrá á 4. þrepi í framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun.